25
7. apríl

eru þeir skyldir að fara með yfirmatsmanni til annara staða í umdæmi hans, þegar hann kveður þá til að aðstoða sig þar við fiskimat. Fiskimatsmanni er skylt að framkvæma yfirfiskimatsmanns störf er yfirfiskimatsmaður kveður hann til þess í forföllum sínum.

Fyrir vinnu við fiskimat utan svæðis þess, er þeir eru skipaðir fyrir, fá fiskimatsmenn sömu tímaborgun og getur um í 5. gr., er einnig telst fyrir þann tíma, er þeir þurfa til ferðarinnar fram og aftur, og auk þess fæðispeninga og ferðakostnað eftir reikningi.

Ef þeir verða veðurteptir á fiskimatsferðum þessum eða verða að bíða af því veður leyfir eigi að starfa að fiskimati, skulu þeir fá í daglaun 15 kr. á dag auk fæðispeninganna.

Yfirfiskimatsmaður skrifar upp á reikninga þeirra og lögreglustjóri eða umboðsmaður hans úrskurðar þá, ef hlutaðeigendur geta ekki komið sjer saman.

8. gr.

Þeir rita undir eiðstaf um að þeir vilji með alúð og kostgæfni rækja skyldur þær, sem á þeim hvíla og hlýðnast ákvæðum erindisbrjefs þessa.

Þeir eru skyldir að sætta sig við þær breytingar, sem gjörðar kunna að verða á erindisbrjefi þessu.

9. gr.

Hjer með er úr gildi felt erindisbrjef fyrir fiskimatsmenn 12. ágúst 1910 og önnur ákvæði, sem síðar voru sett.

Atvinnu- og samgöngumálaráðaneytið, 7. apríl 1922.

Kl. Jónsson.

Oddur Hermannsson.

26
7. apríl

Erindisbrjef

fyrir yfirfiskimatsmenn.

1. gr.

Yfirfiskimatsmenn skulu kynna sjer sem best, hvernig verkaður og óverkaður saltfiskur eigi að vera að verkun, útliti og stærð, svo hann verði talinn fyrsta flokks vara á þeim stöðum, sem helstur markaður er fyrir hana, einkum á Spáni, Portúgal og Ítalíu og öðrum Miðjarðarhafslöndum, og hvernig fara á með fiskinn og verka hann svo að hann verði talinn fyrsta flokks vara,

Þeir skulu einnig kynna sjer þær breytingar, sem verða á kröfum þeim, er útlendir kaupendur eða umboðsmenn þeirra hjer á landi gjöra til fiskjarins á hverjum tíma og haga mati sínu samkvæmt óskum þeirra, að svo miklu leyti sem unt er. 26 7. april

Sömuleiðis skulu þeir segja fyrir um, hvernig eigi að koma fiskinum fyrir og búa um hann á skipum, sem hann er fluttur í, svo að hann skemmist ekki við flutninginn.

2. gr.

Þeir hafa einir á hendi yfirmat á öllum fiski, sem er fluttur út, hver í sínu umdæmi. Um fyrirkomulag og framkvæmd matsins eru settar eftirfarandi reglur.

3. gr.

Þeir hafa fiskimatsmenn sjer til aðstoðar við skoðun og mat fiskjarins og við umsjónina við vigt hans og útskipun. Þeir senda hlutaðeigandi lögreglustjóra tillögur sínar um, á hvaða stöðum í umdæmi þeirra þurfi að skipa fiskimatsmenn, hve marga og hverja eigi að skipa. Fiskimatsmennirnir eru skyldir að hlýða yfirmatsmanni samkvæmt þeim reglum, sem eru settar í erindisbrjefi fyrir þá.

4. gr.

Þeir eru skyldir til að vera viðbúnir til að láta meta fullsaltaðan fisk á hvaða verkunarstigi sem hann er, þegar eigandi fiskjarins óskar þess. Fiskur, sem er ekki fullsaltaður, er ekki matshæfur fyr en hann hefur að dómi matsmanna, legið nægilega lengi í salti.

Ef fleiri óska að metið sje hjá sjer samtímis skal yfirfiskimatsmaður leitast við að koma því svo fyrir, að metið verði fyrir fleiri í einu.

Ef meta á fisk til útflutnings, skulu þeir haga vinnu við matið svo, að tveir fiskimatsmenn geti vottað um allan farminn, eins og tíðkast hefur að undanförnu.

5. gr.

Þeir skulu segja fiskimatsmönnum fyrir um starfið við fiskimatið, leiðbeina þeim og yfirhöfuð kosta kapps um, að þeir verði sem færastir til að dæma saltfisk. Þeir skulu að svo miklu leyti, sem þeir geta, líta eftir þeim við vinnuna.

6. gr.

Þeir skulu gæta þess, að verkaður saltfiskur sje ætíð skoðaður, metinn og veginn í geymsluhúsi, sem er nægilega bjart. Verkaðan fisk má eigi meta nema við dagsbirtu.

26
7. april

7. gr.

Þegar verkaður fiskur er fluttur í skip á bátum, skulu þeir gæta þess, að honum sje ekki skipað út nema í vel þurru veðri og skera þeir yfir höfuð úr því, hvort veður sje svo gott, að fiski megi skipa út.

Þeir geta neitað að meta fisk til útflutnings á höfnum, sem liggja opnar fyrir sjógangi eða af öðrum ástæðum eru illa fallnar til útflutnings.

8. gr.

Þeir skulu gæta þess, að bátar þeir, sem nota á við útskipun fiskjar, sjeu lekalausir og vel hreinir.

Einnig skulu þeir gæta þess, að nægilega margar heilar og hreinar ábreiður eða segl fylgi bátunum, til þess að breiða undir og yfir fiskinn í þeim.

9. gr.

Þeir skulu sjá um að farmrúm skipsins, sem fiskinn á að flytja, sje þurt og hreint, að það sje nægilega klætt hreinum borðum, mottum eða striga, svo og, að á vjelaskipum sje nægilegt bil milli fiskjarins og vjelarúmsins, svo hann skemmist ekki af hita frá vjelinni. Þegar fiskur er fluttur út í böggum, skulu þeir gæta þess, að umbúðirnar sjeu fullnægjandi.

Fiskur, sem er fluttur til Suðurlanda um önnur lönd, skal ætíð vera bæði bundinn og í umbúðum.

10. gr.

Ef fiskinum er ekki skipað út jafnóðum og hann hefur verið metinn, skal yfirfiskimatsmaður hafa eftirlit með því, að fiskurinn sje svo geymdur frá því að mat fór fram þangað til honum er útskipað, að hann skemmist ekki. Þyki yfirfiskimatsmanni ástæða til þess að ætla, að fiskurinn hafi breytst frá því mat fór fram, getur hann skipað svo fyrir, að fiskurinn sje metinn á ný fyrir útskipun.

Þegar fiskinum er ekki skipað út jafnóðum og hann er metinn og veginn, skal að jafnaði vega hann að nýju um leið og honum er skipað út.

11. gr.

Yfirmatsmenn skulu gæta þess, að fiskurinn skemmist ekki að neinu leyti við útskipunina og skulu segja fyrir um, hvernig henni skal hagað.

Þeir skulu hafa gætur á því, að fiskurinn skemmist ekki, þegar hann er borinn í útskipunarbáta eða önnur flutningstæki, að bátar sjeu ekki ofhlaðnir og breitt sje yfir fiskinn í þeim, til að varna því, að sjór slettist á hann, og eiga þeir annaðhvort sjálfir að hafa eða láta fiskimatsmenn fyrir sína hönd hafa eftirlit með því. Þeir eiga ennfremur að hafa gætur á því að fiskurinn skemmist ekki, þegar hann er tekinn upp úr bátum eða flutningatækjum og látinn niður í lestina á útflutningsskipum og að honum sje svo fyrirkomið í farmrúminu, að hann

haggist ekki eða skemmist og eiga þeir að líta eftir þessu sjálfir, eða láta fiskimatsmenn gjöra það fyrir sína hönd.

Ef skipunum yfirfiskimatsmanns eða fiskimatsmanna, fyrir hans hönd, er ekki hlýtt getur yfirfiskimatsmaður neitað að gefa vottorð um fiskinn.

12. gr.

Þegar matskyldur fiskur er fluttur út, skal yfirfiskimatsmaður gefa út vottorð um hann. Hann getur einnig gefið út matsvottorð um óverkaðan en fullsaltaðan fisk til þeirra landa, sem ekki er skylt að meta þann fisk til, ef þess er óskað. Skulu vottorð þessi vera rituð á farmskírteini fyrir fiskinn.

Vottorðin skulu rituð bæði á íslensku og ensku og eiga að vera nákvæmlega samhljóða fyrirmyndum þeim, sem prentaðar eru með erindisbrjefi þessu. Mega yfirfiskimatsmenn ekki rita undir öðruvísi vottorð.

Vilji einhver fá matsvottorð um fisk, sem hefur verið metinn og veginn í því skyni að nota það við sölu fiskjarins, getur yfirfiskimatsmaður gefið út bráðabirgðavottorð um fiskinn. Yfirfiskimatsmaður skal halda eftir afriti af vottorðum þeim, er hann gefur út.

Hann hefur að viðlagðri hegningu að lögum ábyrgð á því að vottorð þau, er hann gefur út, sjeu sönn og rjett.

Hann skal gæta þess og fullvissa sig um að fiskur, sem hann hefur metið, sje íslensk vara, en saltfiskur, sem er verkaður hjer á landi, telst íslensk vara.

13. gr.

Yfirfiskimatsmaður gætir þess, eins og unt er, að reikningar fiskimatsmanna fyrir vinnu við fiskimatið sjeu rjettir og samkvæmir töxtum þeim, sem ákveðnir eru í erindisbrjefi þeirra, og skrifar hann upp á reikninga þeirra, þegar því verður við komið, áður en þeir eru útborgaðir af þeim, sem metið hefur verið fyrir.

14. gr.

Yfirmatsmennirnir eru launaðir úr ríkissjóði samkvæmt lögum um laun embættismanna nr. 71, 28. nóv. 1919. Þeim er stranglega bannað að taka á móti nokkurri annari þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, en borgun þeirri, sem ákveðin er í framangreindum lögum og í erindisbrjefi þessu.

15. gr.

Yfirfiskimatsmaðurinn er skyldur til að meta eða láta meta saltfisk á hverjum þeim stað, í umdæmi sínu, sem þess er óskað (sjá þó 7. gr.). Til aðstoðar við matið skipar hann einhverja af hinum löggiltu fiskimatsmönnum í umdæmi sínu, þá er honum sýnist.

Hann getur og gefið einhverjum af fiskimatsmönnum í umdæmi sínu,

26 7 apríl

þeim er hann treystir best, umboð til að sjá um yfirmatsstörf í sinn stað, ef hann vegna annríkis við matsstörf eða annara forfalla getur ekki sjeð um það sjálfur. Fiskimatsmaður fær þá auk hinnar venjulegu borgunar fyrir vinnuna við matið, fæðispeninga, ferðakostnað og borgun fyrir dvalardaga, samkvæmt fyrirmælum í erindisbrjefi fyrir fiskimatsmenn, en lögreglustjóri úrskurðar reikninga þeirra ef hlutaðeigendur geta ekki komið sjer saman.

Þegar yfirfiskimatsmenn takast ferð á hendur, og gera það eftir ósk fiskeiganda eða útflytjanda eða í þarfir þeirra t. d. til eftirlits við fermingu skipa eða öðrum fiskimatserindum, skulu þeir greiða yfirfiskimatsmönnum ferðakostnað og fæðispeninga eftir reikningi, sem atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið úrskurðar, ef hlutaðeigendur geta ekki komið sjer saman.

16. gr.

Yfirfiskimatsmennirnir skulu vera skyldir til að ferðast um umdæmi sitt til þess að leiðbeina mönnum um meðferð á fiski, líta eftir fiskimati og samræma það. Á þessum ferðum fá þeir ferðakostnað greiddan úr ríkissjóði eftir reikningi, sem atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið úrskurðar. Þeir fá einnig greiddan úr ríkissjóði símakostnað í þarfir fiskimats.

17. gr.

Yfirfiskimatsmaður má ekki vera í þjónustu þeirra manna, er láta hann meta fisk til útflutnings.

18. gr.

Nú verður yfirfiskimatsmaður þess vís, að einhver brýtur á móti ákvæðum fiskimatslaganna og ber honum þá að skýra hlutaðeigandi lögreglustjóra frá því.

19. gr.

Yfirfiskimatsmaður ritar undir eiðstaf um, að hann vilji hlýða erindisbrjefi þessu og með alúð og kostgæfni rækja skyldur þær, sem á honum hvíla í stöðu hans.

Hann verður að sætta sig við breytingar, sem gjörðar kunna að verða á erindisbrjefi þessu.

20. gr.

Hjer með er úr gildi felt erindisbrjef fyrir yfirfiskimatsmenn frá 12. ágúst 1910.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. apríl 1922.

Kl. Jónsson.

Oddur Hermannsson.

26
7. apríl

I. Fyrirmynd fyrir vottorði yfirfiskimatsmanna um Spánar-stórfisk.

Matsvottorð.
Sorter's Certificate.

Undirritaður yfirfiskimatsmaður skipaður af Stjórnarráði
I the undersigned chief fish sorter appointed by the Icelandic

Íslands vottar hjermeð að neðantalinn
Government hereby declare that the undermentioned

.....

.....

.....

.....

.....

.....

er spánarmetinn góður, óskemdur, vel verkaður og full þurkaður
is Spansh assorted good, sound, well cured and fully dried

..... flokks stórfiskur veiddur ..... verkaður .....
..... Class Large Cod caught ..... cured .....

og hefur honum verið skipað út í þurru veðri.
and that the loading has taken place in dry weather.

þann 19
the 19

Það vottast hjermeð að ofanskráð matsvottorð er gefið út
It is hereby attested that the above Sorter's Certificate has been issued

og undirritað af yfirmatsmanni skipuðum af Stjórnaráði Íslands
and signed by the Chief Sorter appointed by the Icelandic Government

sem samkvæmt reglugjörð útgefinni af nefndu stjórnarráði
who according to a proclamation of the said Government

lögum samkvæmt er eini matsmaðurinn sem af því opinbera er
is the only Sorter legally authorized to issue

heimilt að gefa út matsvottorð yfir fiskfarma sem hjeðan eiga
sorter's certificates for fish cargoes shipped from

að fara.
this place.

Lögreglustjóraskrifstofan í ..... þann 19
Pollice Office at ..... the 19

26
7. april

II. Fyrirmynd fyrir vottorði yfirfiskimatsmanna um annan fullverkaðan saltfisk.

Matsvottorð.
Sorter's Certificate.

Undirritaður yfirfiskimatsmaður skipaður af Stjórnarráði
I the undersigned chief fish sorter appointed by the Icelandic

Íslands vottar hjermeð að neðantalinn
Government hereby declare that the undermentioned

.....

.....

.....

.....

.....

.....

er góður, óskemdur, vel verkaður og fullþurkaður
is good sound well cured and fully dried

..... flokks fiskur veiddur ..... verkaður ....
class fish caught cured.

og hefur honum verið skipað út í þurru veðri
and that the loading has taken place in dry weather.

þann 19
the 19

Það vottast hjermeð að ofanskráð matsvottorð er gefið út
It is hereby attested that the above Sorter's Certificate has been issued

og undirritað af yfirmatsmanni skipuðum af Stjórnaráði Íslands
and signed by the Chief Sorter appointed by the Icelandic Government

sem samkvæmt reglugjörð útgefinni af nefndu stjórnarráði
who according to a proclamation of the said Government

lögum samkvæmt er eini matsmaðurinn sem af því opinbera er
is the only Sorter legally authorized to issue

heimilt að gefa út matsvottorð yfir fiskfarma sem hjeðan eiga
sorter's certificates for fish cargoes shipped from

að fara.
this place.

Lögreglustjóraskrifstofan í ..... þann 19
Pollice Office at ..... the 19

26
7 apríl

III. Fyrirmynd fyrir vottorði yfirfiskimatsmanns um saltaðan óverkaðan fisk.

Matsvottorð.
Sorter's Certificate.

Undirritaður yfirfiskimatsmaður skipaður af Stjórnarráði
I the undersigned chief fish sorter appointed by the Icelandic

Íslands vottar hjermeð að neðantalinn
Government hereby declare that the undermentioned

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

er góður, óskemdur, fullsaltaður, óverkaður
is good sound fully salted uncured

..... flokks fiskur veiddur .....
..... class fish caught .....

Þann 19
the 19

Það vottast hjermeð að ofanskráð matsvottorð er gefið út
It is hereby attested that the above Sorter's Certificate has been issued

og undirritað af yfirmatsmanni skipuðum af Stjórnaráði Íslands
and signed by the Chief Sorter appointed by the Icelandic Government

sem samkvæmt reglugjörð útgefinni af nefndu stjórnarráði
who according to a proclamation of the said Government

lögum samkvæmt er eini matsmaðurinn sem af því opinbera er
is the only Sorter legally authorized to issue

heimilt að gefa út matsvottorð yfir fiskfarma sem hjeðan eiga
sorter's certificates for fish cargoes shipped from

að fara.
this place.

Lögreglustjóraskrifstofan í ..... Þann 19
Pollice Office at ..... the 19